



Gledilegt sumar!

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur

25. apríl 2019 – Pistill nr. 53



Nýr neyðarbíll slökkviliðsins

Slökkvilið Skútustaðarhepps og Þingeyjarsveitar fékk afhenta glæsilega Volkswagen Amarok bifreið á dögunum. Um er að ræða Amarok D/C pallbíl, sérútbúinn neyðarbíl með áföstum vatnstanki og One Seven dælukerfi. Á myndinni er Bjarni Höskuldsson slökkviliðsstjóri (til hægri) að taka við lykllum frá fulltrúa Volkswagen á Íslandi. Ljóst er að með tilkomu Vaðlaheidarganganna mun verkefnum slökkviliðsins fjölga og samkvæmt samningi við umsjónaraðila Vaðlaheidarganga er verið að setja talsvert fjármagn í að tækjavæða slökkviliðið. Þá standa skipulagsbreytingar fyrir dyrum á bakvaktakerfi slökkviliðsins frá og með 1. júní n.k. Þess má geta að íbúafundur verður í Skjólbrekku 13. maí n.k. á vegum slökkviliðsins þar sem verða erindi frá slökkviliðsstjóra, lögreglustjóra, fulltrúa sjúkraflutninga og Veðurstofu Íslands. Nánar auglýst síðar.



Vorið er komið – Ýmsar framkvæmdir í bígerð

Vorið er komið í Mývatnssveit, hér hefur hefur verið blíðskaparveður að undanförunu og menningin blómstrað sem aldrei fyrr um páskana. Á næstu vikum verður talsvert mikið um að vera þegar kemur að framkvæmdum og undirbúningi þeirra á vegum sveitarfélagsins. Atvinnumála- og framkvæmda-nefnd fór yfir stöðuna á fundi sínum á dögunum. Verið er að vinna að hönnun á göngu- og hjólastíg sem er áætlað að bjóða út á næstunni. Útboð er í gangi varðandi viðbyggingu við leikskólann og verður einnig skipt um skólperfi í skóla, leikskóla og íþróttahúsi.

Hönnunarvinna er langt komin við hreinsibúnað og geymslusvæði fyrir svartvatn á Hólasandi og reiknað með að framkvæmdir hefjist í sumar. Farið verður í að bæta aðstöðu og girða af sorpflokkunar-svæði og lagfæringar á göngustígum í Höfða ásamt uppsetningu á upplýsingaskiltum. Klárað verður að hanna nýja aðkomu að íþróttahúsi en óvíst hvort það náist að hefja framkvæmdir við það á þessu ári. Stefnt er að því að gera strandblakvöll við íþróttamiðstöðina í sumar.

Vegna mikilla anna hefur verið ákveðið að fresta endurnýjun á hitaveitu við Skútustaði í bili. Nefndin fór yfir götumálun í þéttbýlinu Reykjahlíð. Nefndin telur þetta vera forgangsverkefni vegna umferðaröryggis í þéttbýlinu þá sér í lagi gangbrautir og hraðatakmarkanir. Nefndin ræddi mismunandi möguleika á útfærslu gatnamóta við aðkomu að skóla og íþróttahúsi. Skipulagsfulltrúi mun koma ábendingum nefndarinnar til hönnuða.

Vinna við gerð nýs aðalskipulags að fara af stað

Eitt stærsta verkefni hvers sveitarfélags er gerð aðalskipulags sem er skipulagsáætlun sem nær til alls lands sveitarfélags. Í aðalskipulagi er sett fram stefna og ákvarðanir sveitarstjórnar um framtíðar- notkun lands og fyrirkomulag byggðar. Bjarni Reykjalín, fráfarandi byggingar- og skipulagsfulltrúi Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, hefur að undanfögnu unnið minnisblað fyrir sveitarstjórnir beggja sveitarfélaga um gerð nýs aðalskipulags fyrir sitt hvort sveitarfélagið. Hins vegar felst ákveðin hagræðing í því að vinna skipulögin samhliða hjá þessum nágrannasveitarfélögum sem eiga í samstarfi m.a. í skipulagsmálum. Aðalskipulag Skútustaðahrepps gildir til ársins 2023 og sveitarstjórn hefur samþykkt að fara í að vinna nýtt aðalskipulag þar sem m.a. verður lögð áhersla á ferðaþjónustu og skipulag hennar í sveitarfélaginu. Bjarni kynnti minnisblaðið á fundi skipulagsnefndar á dögunum sem var í kjölfarið tekið fyrir á fundi sveitarstjórnar í gær. Sveitarstjórn samþykkti að fela sveitarstjóra, oddvita og formanni skipulagsnefndar að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

Kynntu verkefnið Mývatn Volcano Park

Helgi Arnar
Alfreðsson og
Júlía Björke komu
inn á fund
atvinnumála- og
framkvæmda-
nefndar og sögðu
frá Mývatn
Volcano Park



verkefninu sínu. Þau kynntu fyrirhugaða sýningu sem þau stefna á að setja upp í sveitarfélaginu. Þeirra helsta áskorun er hentugt húsnæði innan sveitarfélagsins.

Atvinnumála- og framkvæmdanefnd fagnar frumkvæði þeirra og lýsir yfir ánægju með verkefnið. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að sveitarfélagið

leiti leiða til að aðstoða nýsköpunarfyrirtæki í sveitarfélaginu við að finna hentugt húsnæði fyrir starfsemi þeirra.

Enn vantar starfsfólk á leikskólann

Leikskólakennari eða aðili með sambærilega menntun óskast við leikskólann Y1 í Mývatnssveit hið fyrsta. Um er að ræða 100% stöðu. Einnig vantar almennan starfsmann í 100% stöðu strax. Menntun kostur en ekki skylda.

Umsóknarfrestur er til 3. maí. Hvetjum við karla jafnt sem konur til að sækja um.

32 börn eru á leikskólanum. Stefna leikskólans er: Lífsleikni sem byggir á dygðakennslu. Verið er að hefja innleiðingu á Heilsueflandi leikskóla, Jákvæðum aga og Karella leikskólakerfinu svo eitthvað sé nefnt. Mikil uppbygging er í gangi og skemmtileg verkefni framundan.

Í Mývatnssveit búa um 500 manns. Í metnaðarfullri mannauðsstefnu sveitarfélagsins kemur m.a. fram að boðið er upp á flutnings- og heilsustyrk, launað frí fyrir barnshafandi konur síðasta mánuð meðgöngu, starfsaldurstengdar greiðslur o.fl. fyrir starfsfólk. Við erum fjölskylduvænt samfélag þar sem er öflugt leikskóla- og grunnskólastarf, boðið er upp á ókeypis skólamáltíðir fyrir börn og ókeypis frístund. Við erum heilsueflandi samfélag. Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Helga Jónsdóttir leikskólustjóri í síma 821 9404. Upplýsingar um launakjör eru veittar á skrifstofu Skútustaðahrepps. Skila þarf umsóknum ásamt ferilskrá á netfangið ingibjorg@skutustadahreppur.is eða leggja inn starfsumsókn á heimasíðu leikskólans: ylur.leikskolinn.is undir flípanum upplýsingar.

Menningarverðlaun Skútustaðahrepps: Tilnefningar óskast

Haustið 2018 lagði velferðar- og menningarmálanefnd fram reglur um að menningarverðlaun Skútustaðahrepps yrðu veitt árlega og að handhafi verðlaunanna hlýti styrk frá sveitarfélaginu samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs. Sveitarstjórn samþykkti ofangreint á fundi í september 2018.

Velferðar- og menningarmálanefnd auglýsir því eftir tilnefningum og ábendingum vegna menningarverðlauna Skútustaðahrepps. Einstaklingar, hópar eða félagasamtök geta hlotið nafnbótina og tilnefningu skal gjarnan fylgja stutt greinargerð um viðkomandi. Þar skal fara yfir starf, viðburði og/eða þátt viðkomandi í að auðga menningar- og félagslíf í sveitarfélaginu og vera öðrum fyrirmynd. Rétt til að tilnefna hafa öll félög og íbúar í Skútustaðahreppi. Reglur um menningarverðlaun má finna inni á heimasíðu Skútustaðahrepps (undir Stjórnslá > Reglugerðir, samþykktir og stefnur). Tilnefningar skal senda á netfangið skutustadahreppur@skutustadahreppur.is fyrir 1. maí. Verðlaunin verða afhent á hátíðarhöldunum þann 17. júní.

Umsóknir um úthlutun menningarstyrkja – Framlengdur umsóknarfrestur

Í samræmi við reglur um úthlutun menningarstyrkja í Skútustaðahreppi auglýsir velferðar- og menningarmálanefnd eftir umsóknum til menningarstarfs í sveitarfélaginu en þetta er fyrri úthlutun ársins 2019. Skútustaðahreppur veitir styrki til einstaklinga, hópa, félagsamtaka, fyrirtækja og stofnana til almennrar menningarstarfsemi eða verkefni. Við mat á umsóknum skal menningarstefna Skútustaðahrepps höfð til hliðsjónar. Auk þess er horft til eftirfarandi þátta:

- Hvernig verkefnið / starfsemin auðgar menningarlífið í Skútustaðahreppi og hvernig fjármunirnir nýtist í því samhengi.

- Hversu líklegt er að verkið verði framkvæmt, laði að frekara fjármagn og aðstandendur verkefnisins geti hrint því í framkvæmd.

- Gæða, vinnslu og framsetningar umsóknar, sýn umsækjenda og fagleg vinnubrögð.

Sótt skal um verkefnastyrki á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu Skútustaðahrepps (undir Stjórnslá > Skjöl og útgefið efni > Umsóknareyðublöð).

Umsóknir skal senda á netfangið

skutustadahreppur@skutustadahreppur.is.

Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2019.

Ókeypis fyrir börn í sundlaugin á Laugum – Ókeypis rútuferð laugardaginn 27. apríl -

Skútustaðahreppur býður upp á ókeypis rútuferð í sund á Laugum fyrir fjölskyldur. Næsta rútuferð er á laugardaginn 27. apríl n.k.

Fyrirkomulagið er eftirfarandi:

Farið er frá hreppsskrifstofu kl. 13.30 laugardaginn 27. apríl n.k. Ókeypis er í rútna. Farið er sunnan vatns og hægt að taka upp fólk á leiðinni við þjóðveginn.

Til að vita fjöldann þarf að tilkynna þátttöku í rútuferðinni í seinasta lagi kl. 11:45 á föstudegi fyrir ferðina, á netfangið

skutustadahreppur@skutustadahreppur.is – eða með því að hringja í 464 4163 á hreppsskrifstofuna. Gefa þarf upp fjölda fólks og hvar á að taka fólk upp í rútna á leiðinni ef það fer ekki frá hreppsskrifstofu.



Guðni forseti í góðum félagsskap á skokkinu í Mývatnssveit.

Vel mætt í píslargöngu

Um 60 manns, þar á meðal forseti Íslands herra Guðni Th. Jóhannesson, tóku þátt í hinni árlegu píslargöngu umhverfis Mývatn. Þátttakendur voru ýmist gangandi, á hjólum, skokkandi eða á hjólaskíðum.

Píslargangan var nú haldin í 25. sinn og er leiðin sem farin var 36 km löng og fór hver á sínum forsendum og hraða. Áður en að garparnir héldu af stað hafði Sr. Örnólfur Ólafsson á Skútustöðum sungið morguntíðir í Reykjahlíðarkirkju.



Jóhann Gestsson og Örn Hauksson á fullri ferð í píslargöngunni.



Þórhalla Valgeirsdóttir, Ingibjörg Björnsdóttir og Elva Ásgeirsdóttir stilltu sér upp fyrir ljósmyndarann í miðri göngu/skokki.

Ruslahreinsun 2019 – Takið daginn frá
Þriðjudaginn 21. maí klukkan 17:30 verður hin árlega ruslahreinsun í Mývatnssveit sem Fjöregg og Skútustaðahreppur sjá um ásamt félagasamtökum og svo íbúum. Vonandi verða sem flestir með í ár. Að vanda lýkur fjörinu með grillveislu. Nánari upplýsingar verða sendar út þegar nær dregur.

Brotajárn, bílhræ og timbur

Dagana 3. til 13. júní n.k. verður Mývetningum boðið upp á viðamikla söfnun á brotajárni, bílhræjum, þakjárnri, timbri og fleira stórvægilegu, ykkur að kostnaðarlausu, líkt og gert var í fyrra og mæltist vel fyrir.

Sigurður Kristjánsson bifreiðastjóri á Stöng tekur að sér að fara á býli og víðar um sveitina til þess að hirða draslið. Athugið að hringja þarf í Sigurð með nokkurra daga fyrirvara í síma 892 0157 svo hann geti skipulagt ferðirnar.

Mývetningar eru hvattir til að nýta sér þetta tækifæri til að fegra umhverfið okkar.

Á HÖRPUNNAR ÓMA

Vortónleikar kórs eldri borgara *Í fínu formi verða* í Skjólbrekku, sunnudaginn 5. maí kl 16:00.

Einsöngur: Baldvin Kr. Baldvinsson

Söngstjóri: Petra Björk Pálsdóttir

Meðleikari: Valmar Valjaots


Fjölbreytt efnisskrá. Verið velcomin

Aðalsafnaðarfundur Skútustaðasóknar

Aðalfundur Skútustaðasóknar verður haldinn í Skútustaðakirkju fimmtudaginn 25. apríl kl. 20.00. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál.

HRÓS DAGSINS...

Fær Landsvirkjun fyrir útgáfu á metnaðarfullu og flottu fréttabréfi Mývatnssvæðis sem kom út í vikunni.



Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi að undanfögnu þótt það hafi verið rólegra vegna dymbilviku og leyfa.

Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri